

12

14. jan.

AUGLÝSING

um nýja lyfsöluskrá II.

Frá og með 1. febrúar n. k. gengur í gildi ný lyfsöluskrá II og fellur þá jafnframt úr gildi lyfsöluskrá II, útgefin 10. desember 1958, með áorðnum breytingum.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 14. janúar 1961.

Bjarni Benediktsson.

Gústav A. Jónasson.

13

16. jan.

SAMÞYKKT

um sveitarstjóra í Njarðvíkurhreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd kýs sveitarstjóra eftir hverjar almennar hreppsnefndarkosningar, og er kjörtími hans hinn sami og kjörtímabil hreppsnefndar.

2. gr.

Sveitarstjóri á sæti í hreppsnefnd og hefur þar óbundið málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins, að hann sé hreppsnefndarmaður.

3. gr.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem hreppsnefnd gerir, og hreppsmála yfirleitt. Hann sér um, að öll störf, sem nefndin á að annast um, sé tilhlýðilega unnin. Hann annast innheimtu á tekjum hreppssjóðs og fyrirtækja hans, án sérstakrar þóknunar. Hann er féhirðir hreppsnefndar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga, annast bókun alla og bréfaviðskipti. Hann geymir bækur nefndarinnar, innistæðufé hreppsins, verðbréf og öll önnur skjöl, og hvað annað, sem hreppnum tilheyrir og hreppsnefndin á að hafa ábyrgð á.

Í forföllum sveitarstjóra skal oddviti annast störf hans.

4. gr.

Laun sveitarstjóra skulu ákveðin í ráðningarsamningi þeim, er í 5. gr. getur, og greiðast þau úr sveitarsjóði.

5. gr.

Oddviti skal fyrir hönd hreppsnefndar gera ráðningarsamning við sveitarstjóra, eftir að ráðning hans hefur verið samþykkt í hreppsnefnd, og skal þar nánar kveðið á um kjör hans, orlof, skrifstofutíma, lífeyri og það annað, sem ráð þykir að taka fram af því tilefni. Uppsagnarfrestur af hálfu hvors aðila skal vera sex mánuðir.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Njarðvíkurhrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með, samkvæmt lögum nr. 19 14. febrúar 1951 um sveitarstjóra, til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 16. janúar 1961.

Emil Jónsson.

Hallgrímur Dalberg.